

Fundur í stjórn félags náms- og starfsráðgjafa.

Fimmtudaginn 2. febrúar 2017, kl. 14:15 í Framvegis

Mættir: Ingibjörg, Unnur, Soffía, Helga, Kristín Birna. Margrét var á skype.

- Framhaldsskólakynning - hlutverk FNS
 - FNS mun vera með háborð, bannera og heilræðisspjöld líkt og á seinasta Íslandsmóti. Manna þarf þessar vaktir og mun formaður biðla til félagsmanna varðandi þá vinnu. Einnig munu nemar í náminu fá póst þess efnis. Stjórn gerir sér grein fyrir því að grunn- og framhaldsskólaráðgjafar eru uppteknir þessa daga við að sinna sínum nemendum og skólum.
- Könnun vegna kjaramála
 - Ennþá er verið að vinna í þeirri vinnu - fyrirhugaður er fundur með Capacent sem er ráðgjafi okkar í þessu máli. Niðurstaða úr þessari vinnu mun birtast á aðalfundi félagsins í vor.
- NFSY formennska
 - Sendur var út póstur á félagsmenn og þeir hvattir til að taka þátt í þessu starfi. Fjórir ráðgjafar hafa boðið sig fram. Þakkar stjórnin jákvæð viðbrögð.
- Bæklingur
 - Nefnd á vegum félagsins vinnur nú hörðum höndum að því að búa til bækling fyrir FNS og náms- og starfsráðgjafa í landinu. Einn sameiginlegur bæklingur fyrir starfstéttina sem verður sýnilegur á öllum vinnustöðum þar sem náms- og starfsráðgjafar vinna. Stefnt er að því að bæklingurinn verðu tilbúinn fyrir aðalfund í vor.
- Ályktun vegna stefnumótunar
 - Stjórnin ákvað að senda út ályktun um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf til nýs ráðherra líkt hefur verið gert við fyrri ráðherra.
- Arnar Þorsteinsson
 - Arnar kom og kynnti fyrir hugmyndir með nýju „næstu skref“ síðuna. Setja á síðun upp á nýtt svo það verði auðveldara að vinna með hana og setja inn nýtt efni og bæta við hana. Mjög spennandi verkefni sem mun skýrast betur á næstu mánuðum.